



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/745**  
**komudagur 29.1.2007**

**Nefndasvið Alþingis**  
**Félagsmálanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
 ICELAND CHAMBER  
 OF COMMERCE

Reykjavík, 26. janúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000 jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (9. mál)

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið felur í sér auknar valdheimildir handa Jafnréttisstofu. Með þessu er m.a. átt við að Jafnréttisstofa geti fengið í hendurnar launaseðla fólks, upplýsingar um bifreiðahlunnindi, dagpeninga, styrki og aðrar greiðslur. Jafnframt á að heimila Jafnréttisstofu að fara inná starfsstöðvar fyrirtækja til að sækja gögn um einkamálefni manna.

Samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Eftirliti verður því ekki komið á nema að undangengnu mati á þjóðhagslegu gildi þess.

Í 71. gr. stjórnarskrár kemur fram að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Friðhelgi einkalífs nær einnig til fyrirtækja. Því má ekki gera leit á manni eða í húsakynnum fyrirtækis nema nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Samkvæmt frumvarpinu á að beita þessu úrræði til að vinna gegn svokölluðum kynbundnum launamun og öðru meintu misrétti kynjanna. Viðskiptaráð telur hagsmuni einstaklinga og fyrirtækja af því að njóta friðhelgi einkalífs meiri en svo að þessi rökstuðningur nægi til að skerða þann rétt.

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera hefur orðið víðtækari á undanförunum árum og er eftirlit stundað á flestum ef ekki öllum sviðum atvinnulífsins. Skuldbindingar Íslands vegna þátttöku á EES knýja á um að settar séu reglur um tiltekið eftirlit og veita slíkar kröfur oft svigrúm til vals á milli leiða við eftirlit og gjalda. Mikilvægt er að eftirlitið sé skilvirkt og að kostnaðurinn við eftirlitið liggja fyrir. Með lögum um eftirlitsstarfsemi var stefnt að því að reikna ávallt út kostnað atvinnulífsins af eftirlitsstarfsemi. Kostnaðurinn af eftirliti er gríðarlegur. Erfitt er að áætla heildarkostnað atvinnulífsins vegna reglna um eftirlit, en ekki er óvarlegt að áætla að beinn kostnaður sé yfir 3 milljarðar. Óbeinn kostnaður er þá ekki meðtalinn, en undir óbeinan kostnað fellur m.a. sú ójafna samkeppnisstaða fyrirtækja sem eftirlit getur skapað milli atvinnugreina. Þetta leiðir til aukins kostnaðar fyrir þjóðfélagið í heild.

Kostnaðurinn af hertu eftirliti Jafnréttisstofu hefur ekki verið reiknaður. Í dag eru stöðugildi hjá Jafnréttisstofu 5 ½ og alveg ljóst að fjölga þyrfti starfsfólki og skipta



starfseminni upp í deildir ef stofan ætti að fara með aukið eftirlit. Því er ljóst að kostnaðurinn yrði mjög mikill og að skattgreiðendur þessa lands sem þyrftu að greiða fyrir hverja krónu.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Fyrirtæki keppast við að ráða til sín í vinnu hæfa einstaklinga og auka slíkar valdheimildir sem ofangreint frumvarp felur í sér birgði á fyrirtækjunum í landinu. Mikilvægt er að áður en lögfest eru ákvæði sem fela í sér opinbert eftirlit af þessu tagi þá kanni löggjafinn hvort brýna þörf beri til slíkra ráðstafana. Ekki verður ráðið af greinargerðinni að svo sé í þessu tilfalli.

**Viðskiptaráð leggst því gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*David Þorláksson*  
 Davíð Þorláksson  
 Lögfræðingur Viðskiptaráðs

